


Alþingi
Erindi nr. P 130/177/
komudagur 15. 4. 2004



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 7. apríl 2004

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó. 284. mál.

Leitað hefur verið eftir umsögn stofnunarinnar varðandi ofangreint mál. **Stofnunin lýsir eindregnum stuðningi við tillöguna. Hér er um afar brýnt mál að ræða.** Stofnar Atlantslax hafa dvínað mjög um allan heim. Þó að Ísland hafi haldið stöðu sinni betur en aðrir þá hefur laxgengd hér á landi minnkað þrátt fyrir ýmsar mótvægisáðgerðir. Þá hafa stórlaxagöngur dvínað og er skýringa að leita í auknum afföllum í sjó. Stórlega skortir betri þekkingu á afdrifum laxa í sjó og nú er komin tækni og það íslensk sem gerir kleyft að rannsaka þessa þætti, eins og skýrt er í greinargerð þingsályktunarinnar. Þá er einnig mjög mikilvægt að rannsaka betur en nú er gert og auka þekkingu á sambýli laxeldis og villtra laxastofna. Fyrir þessu hefur Veiðimálastofnun reynt að beita sér á síðustu árum. Til að hrinda þessu í framkvæmd þarf víðtækt samstarf innan lands og utan, sem þegar er til staðar og hins vegar umtalsvert fjármagn en rannsóknir sem þessar eru kostnaðarsamar og fjárveiting til málaflokksins hafa verið knappar.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson
Veiðimálastofnun
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík